

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016, föstudaginn 21. október, var haldinn 253. fundur stjórnar Strætó bs. í Fagralundi í Kópavogi og hófst hann kl. 10:30. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson, Gunnar Valur Gíslason, Theódór Kristjánsson varamaður og Kristinn Andersen varamaður. Sigrún Edda Jónsdóttir boðaði forföll. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. FPF árskort.
2. Vagnakaupaútböð 2017.
3. Staða farþegaþjónustunnar – símsvörun í þjónustuveri.
4. Markaðsáætlun Strætó.
5. Árangursmat stjórnar.
6. Stoppistöðvar, aðgengi fyrir alla.
7. Hjólageymslur og hjólaleigur við stoppistöðvar.
8. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. FPF árskort

Fyrir fundinum lá beiðni frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar þar sem óskað er eftir þátttöku Strætó í að mæta nemendum í framhaldsskóla sem nota ferðaþjónustu fatlaðs fólks með því að gefa út kort til þess hóps sem gildi bæði í ferðaþjónustu fatlaðra og almenna vagna Strætó. Stjórn samþykkir að nemendum í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu, sem nota ferðaþjónustu fatlaðs fólks, standi til boða að kaupa árskort á sama verði og aðrir nemendur kaupa árskort í Strætó og að kostnaður fylgi verðskrá Strætó. Velferðarsvið sveitarfélaganna skulu eftir sem áður greiða allar ferðir í ferðaþjónustu fatlaðra að fullu en Strætó og velferðarsviðin skipta til helminga greiðslu fyrir árskort gegn því að það gildi einnig í Strætó.

2. Vagnakaupaútböð 2017

Endurnýjun strætisvagna og útböðsferli henni tengt er framhald samingskaupaferlis sem hófst árið 2013. Einstök kaup eru boðin út innan rammisamnings í örútböðum. Stjórn samþykkir heimild til handa framkvæmdastjóra til að fara í örútböðsferli um kaup á nýjum strætisvögnum á árinu 2017 í samræmi við gildandi rammisamning og með þeim fyrirvara um að fyrirhuguð vagnakaup verði samþykkt í fjárhagsáætlun 2017.

3. Staða farþegaþjónustunnar – Símsvörun í þjónustuveri

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs, kom á fundinn undir þessu lið og fór yfir minnisblað sitt, ódags., um stöðu farþegaþjónustunnar hjá Strætó bs. símsvörun og aðgerðir sem grípa þarf til vegna svarhlutfalls.

Í minnisblaðinu kemur fram að símsvörun í þjónustuverinu hefur versnað verulega vegna niðurskurðar á árinu 2016 og var svörun óásættanleg í ágúst (67,3%) og er í september sl. (60%). Rökstudd er aukin þörf á handröðun í bíla farþegaþjónustunnar samhliða tölvukerfinu sem leitt geti til mikillar hagræðingar í skipulagi aksturs og stuðlað að bættri símsvörun. Jafnframt eru kynnt neikvæð áhrif þess á kostnað sveitarfélaganna að akstur aldraðra farþega var fluttur frá akstursþjónustunni til Blindrafélagsins.

Sviðsstjóra farþegaþjónustunnar var falið að taka saman minnisblað með samantekt kostnaðaráhrifa þeirra hugmynda sem kynntar voru.

4. Markaðsáætlun Strætó

María Hrund Marinósdóttir, markaðsstjóri Strætó, kynnti hugmyndir að nýrri markaðsáætlun Strætó og nálgun við aðferðir markaðsfræðanna á næstu árum.

5. Árangursmat stjórnar

Í 11. gr starfsreglna stjórnar Strætó segir að stjórn skuli árlega meta störf sín, verklag og starfshætti, einnig frammistöðu framkvæmdastjóra og þróun félagsins.

Stjórn samþykkir að viðhafa sama fyrirkomulag og síðast við árangursmat stjórnar og mun Sigríður Harðardóttir, starfsmannastjóri Strætó, annast framkvæmd matsins.

6. Stoppistöðvar, aðgengi fyrir alla.

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti minnisblað Ragnheiðar Einarsdóttur og Valgerðar Grétu Benediktsdóttur, sérfræðinga á skipulagssviði Strætó, dags. 19.10.2016, varðandi aðgengi fyrir alla að stoppistöðvum Strætó.

Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi.

7. Hjólageymslur og hjólaleigur við stoppistöðvar

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti minnisblað Ragnheiðar Einarsdóttur og Valgerðar Grétu Benediktsdóttur, sérfræðinga á skipulagssviði Strætó, dags. 19.10.2016, þar sem settar eru fram ýmsar mögulegar útfærslur á hjólageymslum og fyrstu hugmyndir að þeim stoppistöðvum Strætó sem ættu að vera með góða aðstöðu fyrir geymslu hjóla.

Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi.

8. Önnur mál

Fyrir fundinum lá erindi frá hreppsnefnd Kjósarhrepps um stoppistöð á leið 57 við Tíðaskarð á Hvalfjarðarvegi.

Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem ber ábyrgð á leið 57.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:15

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sverrir Óskarsson
Theódór Kristjánsson

Kristinn Andersen
Gunnar Valur Gíslason

Fylgiskjöl:

- Minnisblað um árskort í FPF.
- Minnisblað um vagnakaupaútböð.